

9. mars 2021



Verkefnaáætlun 2021-2023

Stefnumarkandi
landsáætlun um
uppbyggingu innviða til
verndar náttúru og
menningarsögulegum
minjum

Útgefandi:

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Mars 2021

uar@uar.is

www.uar.is

Umbrot og textavinnsla:

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti / Dagný Arnarsdóttir og Bjargey Guðmundsdóttir

©2021 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

ISBN 978-9935-9533-7-7

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Verkefnisstjórn.....	7
3. Samþykkt stefnumótun	8
4. Áætlun um fjármögnun	9
5. Tillaga að ráðstöfun.....	10
6. Óstaðbundin áhersluverkefni 2021-2023	11
7. Sérstakt viðbragð við auknu álagi	12
7.1 Staðir til sérstakrar skoðunar.....	12
7.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði.....	12
8. Ný verkefnaáætlun 2021-2023	14
8.1 Ferill endurskoðunar.....	14
8.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi	14
9. Tillögur að áherslum árin 2021-2023	15
9.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir.....	15
Vesturland.....	16
Vestfirðir.....	19
Norðvesturland.....	21
Norðausturland.....	23
Austurland.....	26
Suðurland.....	28
Suðvesturland.....	32

Myndaskrá

Mynd 1 Skipting landshluta í landsáætlun. <i>Skipting byggir á svæðum landshlutasamtaka og er hún höfð til hliðsjónar. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið eru sameinuð í einn landshluta, Suðvesturland</i>	15
Mynd 2 Vestfirðir – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri</i>	20
Mynd 3 Norðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2022. <i>Staðir sem voru áður með verkefni, en ekki á áætlun 2021-2023, eru með grænu lettri</i>	22
Mynd 4 Norðausturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri</i>	25
Mynd 5 Austurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri</i>	27
Mynd 6 Suðurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri</i>	31
Mynd 8 Suðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. <i>Punktur sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri</i>	33

Töfluskrá

Tafla 1 Fjármögnun landsáætlunar 2021-2023.....	9
Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2021-2023.....	10
Tafla 3 Óstaðbundin áhersluverkefni 2021-2023.....	11
Tafla 4: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2020	12
Tafla 5 Vesturland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023</i>	16
Tafla 6 Vestfirðir. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023</i>	19
Tafla 7 Norðvesturland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023</i>	21
Tafla 8 Norðausturland. <i>Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023</i>	23

Tafla 9 Austurland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.....	26
Tafla 10 Suðurland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.....	28
Tafla 11 Suðvesturland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.....	32

1. Inngangur

Hér er lögð fram framkvæmdáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áráanna 2021-2023. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun leysir af hólmi fyrri áætlun fyrir 2020-2022 sem gefin var út í mars 2020.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á gildistíma hennar.

Með þessari áætlun er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku. Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að mæta hluta þeirra verkefnatillagna á stöðum, leiðum og svæðum sem verkefnisstjórn taldi þörf á að byggja upp, lagfæra eða verja fyrir ágangi. Jafnframt er einungis hægt að ráðast í takmarkaðan hluta þeirra nauðsynlegu innviðaverkefna á stöðum, leiðum og svæðum áætlunarinnar, svo og landvörslu. Verkefni áætlunarinnar munu því í mörgum tilvikum ekki ljúka uppbyggingu staða eða leiða, heldur ná einungis til afmarkaðra innviða innan þeirra.

2. Verkefnisstjórn

Í lögum nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er kveðið á um að skipuð sé verkefnisstjórn til þriggja ára í senn. Verkefnisstjórn hefur umsjón með gerð tillögu að þriggja ára verkefnaáætlun og tólf ára stefnumarkandi landsáætlunar og er hlutverk hennar að annast upplýsingaöflun, forgangsröðun og gerð tillagna vegna þeirra.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar að fengnum tilnefningum:

Hafsteinn S. Hafsteinsson, formaður, skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra án tilnefningar.

Guðný Sverrisdóttir, skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra án tilnefningar.

María Reynisdóttir, tilnefnd af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra.

Rúnar Leifsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra.

Regína Sigurðardóttir, tilnefnd af forsætisráðherra. Regína er í leyfi og er varamaður hennar Egill Pétursson.

Guðjón Bragason, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með verkefnisstjórn vinnur Dagný Arnarsdóttir, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Þorbjörg Auður Ævarr Sveinsdóttir hefur einnig verið verkefnisstjórn til aðstoðar.

3. Samþykkt stefnumótun

Þessi framkvæmdaáætlun styður við stefnu stjórnvalda á sviði uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í náttúru landsins, en hinn 11. júní 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 á grundvelli laga nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018–2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við áætlunina sem felur í sér markmið um: a. stýringu og sjálfbæra þróun, b. vernd náttúru og menningarsögulegra minja, c. öryggismál, d. skipulag og hönnun, og e. ferðamannaleiðir.

Til leiðsagnar við gerð landsáætlunar setti umhverfis- og auðlindaráðherra jafnframt fram eftirfarandi stefnumótandi áherslur:

- Að lögð sé sérstök áhersla á að sinna stöðum og svæðum sem eru friðlýst og vernd þeirra minja sem þar eru.
- Að jafnframt sé lögð áhersla á þá staði og svæði sem eru undir miklu álagi vegna ferðamanna og náttúra og minjar hafa látið á sjá.
- Að áhersla sé lögð á eflingu landvörslu sem aðgerðar til verndar náttúru og minja auk eftirlits og þjónustu.
- Að áhersla sé lögð á að útfæra leiðir til stýringar á umferð ferðamanna í þágu verndar náttúru og minja og verði það gert með tilliti til almannaréttar.
- Að lögð sé áhersla á að áætlunin stuðli að aukinni fagmennsku, vandaðri hönnun sem fellur vel að landslagi, bættu skipulagi og góðum vinnubrögðum við uppbyggingu innviða.
- Að unnið sé að langtímasýn, samræmingu vinnu og samhæfingu þeirra aðila sem koma að vernd náttúru og minja.

4. Áætlun um fjármögnun

Í fjárlögum vegna ársins 2021 og fjármálaáætlun fyrir næstu ár er þessi þriggja ára verkefnaáætlun vegna áranna 2021-2023 lögð upp með ráðstöfun á 2.628.400 m.kr. til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 og fyrirliggjandi stefnumótun (Tafla 1).

Tafla 1 Fjármögnun landsáætlunar 2021-2023.

Ár	Fjárlög 2021; fjármálaáætlun 2022 og 2023
2021	764.200.000
2022	914.200.000
2023	950.000.000
Samtals	2.628.400.000

5. Tillaga að ráðstöfun

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna 2021-2023.

Langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannstöðum, þ.e. staðbundinna verkefna sem geta falist í undirbúningi, framkvæmd eða viðhaldi. Er gert ráð fyrir um 2532 m.kr. til slíkra verkefna. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til innviða í þessari greinargerð.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem gagnast öllum stöðum. Stefnumarkandi landsáætlun tilgreinir fjölmörg áhersluatriði sem bíða innleiðingar. Hér ber einkum að nefna vinnu starfshóps um samræmingu, góða hönnun, val á efni og áherslu á fagmennsku við innviðauppbyggingu. Einnig er um að ræða óstaðbundin verkefni sem snúa að aukinni eftirfylgd með verkefnum með það að markmiði að ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanatáka og forgangsroðun nýrra verkefna grundvallast á. Er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun. Nema óstaðbundin verkefni um 96,5 m.kr. á tímabili áætlunarinnar.

Sérstakt 305 m.kr. framlag er á árunum 2022-2023, til staða þar sem umfangsmikil uppbygging stendur fyrir dyrum en fyrirkomulag innviðauppbyggingar ekki fyllilega útfært á þessu stigi máls. Má þar nefna staði eins og Geysi og Jökulsárlón. Í slíkum tilvikum fer verkefnisstjórn yfir nánari tillögur þegar þær liggja fyrir, áður en gerður er samningur um verkefnið.

Fyrir hvert ár er jafnframt gert ráð fyrir fjármagni til að takast á við ófyrirséð verkefni, bráðaáðgerðir og ný friðlýst svæði, sjá nánar í kafla 7.

Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2021-2023

Verkefni 2021-2023	Fjármunir 2021	Fjármunir 2022-2023
Staðir á landsáætlun - Efnislegir innviðir/staðbundin verkefni	616.549.000	1.341.183.000
Óstaðbundin áhersluverkefni	43.651.000	53.017.000
Viðbótarfjármagn til uppbyggingar fjölsótttra staða – efnislegir innviðir	0	305.000.000
Bráðaáðgerðir, ný friðlýst svæði, o.fl.	104.000.000	165.000.000
Samtals	764.200.000	1.864.200.000

6. Óstaðbundin áhersluverkefni 2021-2023

Lagt er til fjármagn til nokkurra óstaðbundinna áhersluverkefna á áætluninni fyrir árin 2021-2023. Slík verkefni eiga að ná fram markmiðum laganna, án þess að tengjast beint tilteknum stöðum og vinnur verkefnisstjórn að útfærslu þeirra með viðkomandi ábyrgðaraðilum. Til ráðstöfunar eru samtals um 96,5 m.kr. til slíkra verkefna á tímabilinu.

Tafla 3 Óstaðbundin áhersluverkefni 2021-2023

	Verkefni	Markmið	Aðilar
1	Aukin fagþekking, bætt hönnun og samræming við innviðauppbýggingu	-Að efla fagþekkingu þeirra aðila sem vinna að uppbyggingu innviða. Með því er hægt að auka gæði innviðauppbýggingar, draga úr hættu á ónauðsynlegu raski og nýta fjármagn betur. -Að auka fagþekkingu á sviði hönnunar innviða í náttúrunni þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun gesta. -Að samræma yfirbragð miðlunar og merkinga milli aðila sem bera umsjónarlega ábyrgð.	Samstarfshópur um eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingu við uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum (skipaður þann 30. apríl 2018)
2	Verkefnaáætlun landsáætlunar – Aukin hagkvæmni, gæði og umbætur	Verkfæri og samstarf með það að markmiði að auka eftirfylgd með verkefnum, ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanatataka og forgangsroðun nýrra verkefna grundvallast á. Er þetta í samræmi við 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun þar sem kveðið er m.a. á um að horft sé til heildarlausna í uppbyggingu innviða og að tekið sé mið af því að fjármunir nýtist sem best.	UAR
3	Sjálfbærni ferðamannastaða	Að stuðlað sé að því að ferðamannastaðir sem tengjast áætluninni séu til fyrirmyndar hvað sjálfbærni varðar s.s. hvað varðar flokkun úrgangs, framboð af drykkjarvatni og hleðslu rafbíla. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum styrkjum af landsáætlun til slíkra verkefna, heldur að tryggja samræmi við aðrar áætlanir.	Verkefnisstjórn og UAR
4	Framkvæmd stefnumarkandi landsáætlunar 2018-2029	Ýmis verkefni við framkvæmd og eftirfylgni stefnumarkandi landsáætlunar (þingsályktun nr. 27/148), s.s. vegna vinnuhópa og útgáfu.	Verkefnisstjórn

7. Sérstakt viðbragð við auknu álagi

7.1 Staðir til sérstakrar skoðunar

Gera þarf ráð fyrir viðbót nýrra svæða eða verkefna við áætlunina innan gildistíma hennar, en oft getur þurft að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og auknu álagi á viðkomandi stað.

Til viðbótar 9. kafla yfir staði á áætlun 2021-2023 eru hér tilgreindir staðir þar sem ástæða er til að hafa til sérstakrar skoðunar á gildistímanum. Fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra með tilliti til mögulegrar innviðaparfar í tengslum við landsáætlun. Þessir staðir eru Flatey (vesturhluti, utan friðlands), Hjörleifshöfði, Glymur, Kirkjufellsfoss, Skálar á Langanesi, Brúarfoss, Sólheimajökull og Reykjanesfölkvangur (s.s. Leiðarendi; Stapar við Kleifarvatn; Vigdísarvellir) og aðrir viðkvæmir staðir innan fólkvangsins og í næsta nágrenni hans.

Auk þess verða göngustígar í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins teknir til skoðunar sökum álags vegna aukinnar útivistar.

Einnig verður litið til niðurstaðna ástandsmats áfangastaða varðandi svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu.

Á mörgum þessara staða er jafnframt lögð áhersla á landvörslu og eflingu hennar.

Staðir sem voru til skoðunar í síðustu áætlun, en hafa nú hlotið fjármagn af landsáætlun eru: Goðafoss (nýfriðlýst), Þeistareykjahraun (hraunhellir, bráðaaðgerð) og Helgustaðanáma.

7.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði

Nú stendur yfir átak í friðlýsingum og nokkur svæði hafa þegar hlotið friðlýsingu. Fyrirséð er að nokkur svæði til viðbótar, sem búa við álag af völdum ferðamennsku, munu hljóta friðlýsingu á næstu árum. Slíkt kallar á að hægt sé að fylgja friðlýsingunni úr hlaði með verndaraðgerðum og viðeigandi uppbyggingu.

Undir þetta geta einnig fallið ófyrirséð verkefni sem geta tengst aðstæðum í náttúru, s.s. aurbleytu, og lokunum eða bráðaaðgerðum í tengslum við þær. Einnig geta ófyrirséð verkefni litið að viðgerð innviða ef ófremdarástand blasir við, s.s. vegna fráveitna og salerna.

Í verkefnaáætlun 2021-2023 er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni vegna bráðaaðgerða og nýrra friðlýstra svæða, svo hægt sé að bregðast fljótt við með aðgerðum ef þörf er á.

Á seinni hluta árs 2020 var úthlutað til ný friðlýstra svæða og einnig vegna bráðaaðgerða, en fjölmörg svæði voru friðlýst það ár. Úthlutunin tilheyrir verkefnaáætlun 2020-2022.

Tafla 4: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2020

Staður		Landssvæði	Fjárhæð
Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá	Hönnun, gróðurvernd, viðhald gönguleiðar	Suðvesturland	3.700.000
Geysir í Haukadal	Brýnar aðgerðir göngustíga: við Strokk/Konungshver-Blesa, vestari leið, og Laugafell-Blesa.	Suðurland	84.100.000

Goðafoss	Merkingar, undirbúningur á færslu reiðleiðar framhjá uppbyggingarsvæði.	Norðausturland	4.500.000
Kerlingarfjöll	Göngubrú, göngupallur, skipulagsvinna, úttekt á göngustígum.	Suðurland	27.300.000
Þjórsárdalur	Frumathugun í tengslum við innviðapörf á áfangastöðum ferðamanna á svæðinu, skipulagsvinna, viðhald innviða.	Suðurland	9.000.000
Dettifoss austan	Bráðaaðgerð - Göngustígar og gróðurvernd	Norðausturland	5.000.000
Hvammahraun á Reykjanesi	Bráðaaðgerð – verndaraðgerð við hraunhelli	Suðvesturland	2.300.000
Þeistareykjahraun	Bráðaaðgerð – verndaraðgerð við hraunhelli	Norðausturland	3.000.000
Þingvallahraun	Bráðaaðgerð – verndaraðgerð við hraunhelli	Suðurland	1.000.000
Samtals			139.900.000

8. Ný verkefnaáætlun 2021-2023

Um er að ræða fjórðu verkefnaáætlun landsáætlunar og hefur hún því verið endurskoðuð þrisvar sinnum.

8.1 Ferill endurskoðunar

Endurskoðun fjórðu verkefnaáætlunar hófst haustið 2020. Umsjónaraðilar staða sendu inn ítarlegar tillögur og gögn vegna staða og verkefna sem þörf var á að framkvæma þar. Yfirferð gagna stóð yfir frá byrjun desember 2020 til febrúar 2020. Alls bárust ítarlegar tillögur um hátt í 101 ný verkefni og er það sami fjöldi nýrra tillagna og árið á undan.

Tillagna var aflað frá þeim stofnunum sem bera umsjónarlega ábyrgð á landi og sinna náttúruvernd og/eða minjavörslu, sem og sveitarfélögum sem eiga aðild að landsáætlun í gegnum sína staði. Þeim var safnað á skipulegan hátt, um endurbætta gátt, s.s. með ítarlegum verkefnislýsingum, magntölum, verk- og kostnaðaráætlunum og öðrum viðeigandi gögnum. Gögnin mynduðu undirlag fyrir vinnu verkefnisstjórnar við forgangs röðun tillagna.

Í samstarfi við Sambandi íslenskra sveitarfélaga var farið yfir gögn frá sveitarfélögum, en áhersla var nú lögð á að skoða núverandi staði sveitarfélaga á áætluninni, yfirfara forsendur og auka stuðning ef þörf var á, s.s. vegna undirbúnings framkvæmda.

8.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi

Unnið verður að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.

Áætlunin verður endurskoðuð síðar á árinu í takt við þætti eins og þróun álags og ástandsmat á stöðum.

Einnig verður áætlunin endurskoðuð með tilliti til nýrra friðlýstra svæða og innviðaparfar á þeim.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að breytingu á umsjón og eignarhaldi.

Öll verkefni á landsáætlun eru sett fram með fyrirvara um að umsjónaraðilar veiti allar umbeðnar upplýsingar sem varða gerð og eftirfylgd samninga um framkvæmd verkefna, en vanhöld á því geta leitt til frestunar eða niðurfellingar.

9. Tillögur að áherslum árin 2021-2023

Hér fylgir yfirlit yfir þá ferðamannastaði sem aðild eiga að landsáætlun og stutt lýsing á þeim aðgerðum sem ráðast á í á tímabili þessarar framkvæmdaáætlunar (2021-2023). Áætlunin er unnin á grunni forgangsröðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar.

9.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir

Forgangsröðun staða og verkefna var unnin á grunni stefnumarkandi landsáætlunar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018.


Á áætlun árána 2021-2023 eru verkefni á um 95 stöðum, svæðum og leiðum.

Í heildina hefur landsáætlun fjármagnað verkefni á um 150 stöðum víðs vegar um landið. Af því leiðir að þriðjungur staðanna var eingöngu á áætlun árána 2018, 2019 og/eða 2020, en aðgerðum er ýmist lokið í bili eða er að ljúka. Þessir staðir eru samt áfram viðföng landsáætlunar að svo stöddu og ekki er litið svo á að þeir séu farnir af landsáætlun þó svo að engin verkefni séu á áætlun 2021-2023 eða lokaáfangar verkefna þegar fjármagnaðir. Þessir staðir koma fram á landshlutakortum sem hér fylgja á eftir.

Í þessari áætlun eru nokkur verkefni sem lúta að ferðamannasvæðum en ekki einstaka stöðum. Um getur verið að ræða verkefni um bættar merkingar innan tiltekins stjórnunarsvæðis, endurbætur og tengingar náttúrustíga innan svæðis, styrking umgjardar um minjaheildir undir álagi af völdum ferðamennsku, o.fl. Áfram verður unnið með svæðanálgu fyrir tilteknar samræmdar aðgerðir á stórum svæðum.

Ferðamannaleiðir eru einnig mikilvægt viðfangsefni landsáætlunar og er unnið áfram að skilgreiningu lengri og styttri leiða, sem og uppbyggingu þeirra og viðhald.

Ferðamannastaðir eru sýndir á kortum sem skipt er upp eftir landshlutum. Flestir eru þeir á Suðurlandi og þar er jafnframt að finna marga afar fjölsóttu ferðamannastaði, bæði á hálendi og láglendi, og kallar uppbygging staða af þeirri stærðargráðu á sérstaka nálgun, s.s. staðbundna framkvæmdaáætlun.




Mynd 1 Skipting landshluta í landsáætlun. Skipting byggir á svæðum landshlutasamtaka og er hún höfð til hliðsjónar. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið eru sameinuð í einn landshluta, Suðvesturland.

Vesturland

Tafla 5 Vesturland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2021	2022-2023
Arnarstapi - Hellnar	Umhverfisstofnun	Friðland	Deiliskipulag, endurbætur á göngustíg, tveir útsýnispallar og útsýnisstígur (Músagjá).	22.000.000	8.000.000
Búðanes og Hjallatangi	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornleifar	Hönnun svæðis	-	3.456.000
Búðir (friðland)	Umhverfisstofnun	Friðland	Aðkomusvæði og göngustígar.	-	5.684.000
Eldborg í Hnappadal	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Bílastæði (hönnun og framkvæmd), göngubrú yfir Kaldá (hönnun og framkvæmd), merkingar.	1.700.000	22.800.000
Hraunfossar - Barnafoss	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Deiliskipulag og hönnun svæðis	5.000.000	2.100.000
Ólafsdalur í Gilsfirði	Minjavernd hf.	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Uppbygging innviða fyrir ferðamenn, í tveimur áföngum	-	46.076.000
Surtshellir (Vígishellir, afhellir)	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá	Merkingar	-	1.640.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / gönguleiðir	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Framkvæmd - umbætur á gönguleiðakerfi þjóðgarðsins, leiðum fjölgað og merkingar bættar (ekki kortagerð eða útgáfa)	9.600.000	-
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Djúpálónssandur	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Endurbætt, ný hringleið um svæðið. Endurnýjun skilta, fræðsla, leiðbeiningar og skiltaveggur (skjól). Tveir hlaðnir útsýnispallar við gönguleið.	20.000.000	-

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Dritvík	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Lagfæring og viðhald á göngustíg milli Djúpalónssands og Dritvíkur, hlaðin stígur að hluta.	12.000.000	-
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Jökulháls	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Skilti og merkingar	-	2.260.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Malarrif	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Áningar- og afþreyingarsvæði, útsýnispallur.	27.000.000	-
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Saxhóll	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Móttöku- og áningarstaður	10.000.000	-
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Skarðsvík	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Stækka og bílastæði malbika núverandi bílastæði.	15.000.000	-
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull / Svalþúfa	Umhverfisstofnun	Þjóðgarður	Stækkun bílastæðis, göngustígar, tengingar.	-	12.560.000
Samtals				122.300.000	104.576.000




Mynd 2 Vesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. Punktar sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri.

Vestfirðir

Tafla 6 Vestfirðir. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2021	2022-2023
Drangar	Umhverfisstofnun	Áform um friðlýsingu	Göngubrýr yfir Meyjará og Húsá, salernisaðstaða.	-	18.740.000
Dynjandi	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Þrír útsýnispallar neðan og við Strompgilúfrafoss og við Hæstahjallafoss í Dynjandisá, lagfæring á stíg frá Hrísvaðsfossi að Dynjanda.	32.000.000	19.889.000
Friðlandið Hornstrandir / Hesteyri	Umhverfisstofnun	Friðland	Göngubrú yfir Hesteyrará, samgöngubryggja við Hesteyri.	-	48.480.000
Friðlandið Hornstrandir / Hornvík	Umhverfisstofnun	Friðland	Lagfæring og færsla á göngustíg	3.000.000	-
Friðlandið Hornstrandir / Hrafnfjarðarbotn	Umhverfisstofnun	Friðland	Lokaáfangi göngubrúar, öryggismál og bætt ásýnd	1.250.000	-
Friðlandið Hornstrandir / Veiðileysufjörður	Umhverfisstofnun	Friðland	Viðhald göngustígs	1.500.000	-
Fyrirhugaður þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum	Umhverfisstofnun	Áform um þjóðgarð	Greining á innviðabörf vegna áforma um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum	5.000.000	-
Látrabjarg (Bjartangar og Brunnar í Látravík)	Umhverfisstofnun	Nýfriðlýst svæði	Uppbygging bílastæða í samvinnu við landeigendur	-	15.000.000
Litlibær í Skötufirði	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Lokaáfangi í endurbyggingu hlöðu sem notuð verður sem þjónustuhús fyrir ferðamenn sem leið eiga um Ísafjarðardjúp.	5.000.000	-
Vatnsfjörður	Umhverfisstofnun	Önnur flokkun	Bílastæði við Þingmannaheiði	2.008.000	-
Samtals				49.758.000	102.109.000




Mynd 2 Vestfirðir – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. Punktar sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu letri.

Norðvesturland

Tafla 7 Norðvesturland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2021	2022-2023
Hegranesþing í Skagafirði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir, afmörkun minja.	1.000.000	-
Hvítserkur	Húnaþing vestra	Á Náttúruminjaskrá	Deiliskipulag, hönnun og framkvæmdir í samráði við sveitarfélag og landeigendur	3.000.000	15.000.000
Örlygsstaðir í Skagafirði	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaraðgerðir, afmörkun minja, hönnun og göngustígur frá bílastæði að minjasvæði.	-	9.300.000
Samtals				4.000.000	24.300.000




Mynd 3 Norðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2022. Staðir sem voru áður með verkefni, en ekki á áætlun 2021-2023, eru með grænu lettri.

Norðausturland

Tafla 8 Norðausturland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2021	2022-2023
Ásbyrgi	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Útsýnispallur á barmi Ásbyrgis, lokafrágangur og öryggismál á bílastæði.	8.000.000	17.500.000
Dettifoss austan	Vatnajökulsþjóðgarður	Í umsjón þjóðgarðs	Nýtt þurrsalerni		22.000.000
Dettifoss vestan	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Lokafrágangur á 4. áfanga göngupalla.	14.000.000	-
Dimmuborgir	Landgræðsla ríkisins	Friðlýst sem náttúruvætti	Öryggismál við útsýnisskífu, frágangur á áningarstað á bílastæði, merkingar, gönguleið að Gatkletti (hönnun og framkvæmd), endurbætur á Kirkjuhring.	6.200.000	12.700.000
Drekagil	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Skipulagsvinna	-	5.000.000
Friðland Svarfdæla	Umhverfisstofnun	Friðland	Bættar merkingar	-	2.742.000
Gásir	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjasrá	Fullnaðarhönnun innviða	-	3.500.000
Herðubreiðalindir	Vatnajökulsþjóðgarður	Friðlýst og í jaðri/umsjá þjóðgarðs	Deiliskipulag	4.000.000	-
Hofsstaðir	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Endurskoðun deiliskipulags, fullnaðarhönnun innviða.	1.000.000	7.700.000
Hólmatungur	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Malbikaður göngustígur og útsýnispallur	35.000.000	-
Hverfjall	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Ný neysluvatnsborhola vegna salernishúss	3.125.000	-
Jökulsárgljúfur - leið	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Merkingar	-	3.500.000
Mývatn og Laxá - Strípar	Umhverfisstofnun	Vernd skv. sérlægum	Endurnýjun og uppbygging göngustíga	2.500.000	-
Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Áningabekkir á gönguleiðum	-	5.000.000
Sauðanes á Langanesi	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafríðun)	Deiliskipulag	2.000.000	-

Vaglaskógur	Skógræktin	Önnur flokkun	Framkvæmd, áfangi II: Eldaskáli - áningarstaður	18.000.000	-
Vesturdalur / Langavatnshöfði	Vatnajökulspjóðgarður	Þjóðgarður	Þurrsalerni og upplýsingamiðstöð	15.000.000	25.000.000
Samtals				108.825.000	104.642.000




Mynd 4 Norðausturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. Punktar sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri.

Austurland

Tafla 9 Austurland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2021	2022-2023
Galtastaðir fram	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Frágangur á bílastæði, göngustígar, salernishús með aðgengi fyrir hjólastóla.	5.272.500	14.600.000
Hallormsstaðaskógur	Skógræktin	Friðaður skógur skv. sérlægum	Eldaskáli í Hallormsstaðarskógi - 1. áfangi	-	22.600.000
Helgustaðanáma	Umhverfisstofnun	Friðlýst náttúruvætti	Þjónustuhús, endurbætur á göngustíg, afmörkun og merkingar.	3.034.500	16.000.000
Krepputunga / Kreppubrú	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Undirbúningur vegna nýrrar móttöku	-	5.000.000
Kverkjökull / Volga	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Göngubrú yfir Volgu	-	3.000.000
Snæfellsöræfi og Krepputunga	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Merkingar	-	3.500.000
Teigarhorn	Umhverfisstofnun	Fólkvangur, náttúruvætti og friðað mannvirki (húsafriðun)	Lokafrágangur ytra umhverfis þjónustuhúss	-	4.000.000
Teigarhorn	Þjóðminjasafn Íslands	Fólkvangur, náttúruvætti og friðað mannvirki (húsafriðun)	Viðbyggingar (salerni og endurgerð ljósmyndastofu) til að auka þjónustu við ferðamenn	-	27.500.000
Samtals				8.307.000	96.200.000



Mynd 5 Austurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. Punktar sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri.


Suðurland

Tafla 10 Suðurland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2021	2022-2023
Dverghamrar	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Hönnun vegna aðgengis fyrir hreyfihamlaða, merkingar.	-	1.800.000
Dyrhólaey	Umhverfisstofnun	Friðland	Endurskoðun deiliskipulags, göngustígur frá bílastæði á Brestnef (hönnun og framkvæmd), stígar og útsýnissvæði á Lågey.	2.100.000	16.300.000
Fjaðrárgljúfur	Umhverfisstofnun	Á Náttúruminjaskrá	Skipulagsvinna, göngustígur, merkingar.	4.200.000	54.700.000
Friðland að fjallabaki	Umhverfisstofnun	Friðland	Hönnun aðkomusvæða, hönnun og gerð bílastæða við fjölsóttar gönguleiðir, viðhald göngustíga		17.827.000
Friðland að fjallabaki / Suðurnámur	Umhverfisstofnun	Friðland	Viðhald og styrking göngustíga	40.000.000	
Friðland að fjallabaki / Landmannahellir	Umhverfisstofnun	Friðland	Hönnun áningastaða og bílastæða	-	2.000.000
Friðland að fjallabaki / Landmannalaug	Umhverfisstofnun	Friðland	Hönnun og smíði göngubrúar yfir Námskvísl, pallur við náttúruleg, hönnun göngupalls og smíði 1. áfanga.	21.980.000	54.000.000
Friðland að fjallabaki / Laugahringur	Umhverfisstofnun	Friðland	Framhald á vinnu við stígagerð (3. kafli af fjórum í 2. áfanga).	-	48.605.000
Friðland að fjallabaki / Rauðufossar	Umhverfisstofnun	Friðland	Viðhald og uppbygging göngustíga, 2. áfangi.	-	35.151.000
Geysir í Haukadal	Umhverfisstofnun	Nýfriðlýst svæði	Framkvæmdir innan Geysissvæðis á grunni staðbundinnar áætlunar	50.000.000	-
Gullfoss	Umhverfisstofnun	Friðland	Endurnýjun útsýnispalls (D1) við Gullfoss; viðbætur til að auka öryggi, bæta gæði og jafna út líftíma innviða.	30.000.000	-
Haukadalsskógur	Skógræktin	Nærrí friðlýstu svæði	Viðhald og uppbygging gönguleiða í Haukadalsskógi og tenging við Geysissvæðið	-	6.000.000
Hjallanes	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Lagfæring á gönguleið, gróðurvernd.	-	4.000.000
Jökulsárlón	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Framkvæmdir á grunni deiliskipulags, s.s. göngustígar.	-	75.000.000

Keldur á Rangárvöllum	Þjóðminjasafn Íslands	Friðað mannvirki (húsafriðun)	Salernis- og þjónustuhús, frágangur við bílastæði	22.000.000	-
Laki - Lakagígur	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Deiliskipulag, endurnýjun á göngustíg	-	36.000.000
Laki - Tjarnargígur	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Deiliskipulag	-	2.000.000
Laugavegur, frá Landmannalaugum í Þórsmörk - leið	UAR	Friðland, á náttúruminjaskrá	Laugavegur - Tilraunaverkefni um gönguleiðir	10.000.000	20.000.000
Manngerðir hellar á Ægissíðu / Fjóshellir	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Standsetning, gerð hellulagnar/náttúrustígs og malaríburður	5.600.000	-
Reykjadalur	Umhverfisstofnun	Á Náttúruminjaskrá	Áframhaldandi lagfæring á stígum/viðhald	-	15.000.000
Skaftafell	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Dæluhús og búnaður, deiliskipulag, göngupallur og merkingar.	18.000.000	23.500.000
Skaftáreldahraun	Skaftárhreppur	Á Náttúruminjaskrá (hluti hrauns), hluti innan þjóðgarðs	Skipulagsvinna, afmarkanir, merkingar, endurheimt mosapekju.	4.000.000	4.000.000
Skógafoss / láglendi	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti	Nýjar tröppur, afmarkanir, malbikun á göngustíg, útsýnisstaður fyrir hreyfihamlaða, merkingar.	4.500.000	82.100.000
Suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	Áningarbekkir á gönguleiðum	-	5.000.000
Systrafoss - skógarreitir	Skógræktin	Önnur flokkun	Endurbætur og viðhald á gönguleið og umhverfi við skógarreit	1.000.000	-
Þinghelgi	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	Gönguleið (Langistígur-afgjá-Furulundur) og bílastæði norðan Öxarárfoss og Stekkjargjár: Frumathugun, hönnun og framkvæmd. Nærumhverfis salernishúsa neðan við Almannagjá, hönnun og frágangur.	48.344.000	191.500.000
Þingvallahraun	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	4. og 5. áfangi stígakerfis (verkefni lýkur), deiliskipulag fyrir strandlengju, merkingar.	10.000.000	58.323.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarður	Merkingar á meginaðkomum í þjóðgarðinn	-	16.200.000
Þjóðskógar í fjórum landshlutum (Stálpastaðaskógur, Þjórsárdalur, Vaglaskógur, Hallormsstaðaskógur)	Skógræktin	Önnur flokkun	Viðhald gönguleiða	-	4.000.000

Þjósárdalur / Gjáin	Umhverfisstofnun	Nýfriðlýst svæði	Gerð göngustíga og fræðsluskilta	-	48.904.000
Þjósárdalur / Stöng	Minjastofnun Íslands	Nýfriðlýst svæði	Lokaáfangi yfirbyggingar minja, viðhald göngustígs, merkingar.	10.135.000	8.006.000
Þjósárdalur / Stöng	Umhverfisstofnun	Nýfriðlýst svæði	Frumathugun (viðbót) vegna salernishúss	1.000.000	-
Þórsmörk og Goðaland	Skógræktin	Á Náttúruminjaskrá	Áframhaldandi uppbygging og viðhald gönguleiða á Þórsmerkursvæðinu. Áfangar 2021, 2022 og 2023.	16.600.000	34.500.000
Samtals				299.459.000	864.416.000





Mynd 6 Suðurland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. Punktar sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri.

Suðvesturland

Tafla 11 Suðvesturland. Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2021-2023.

Heiti staðar	Umsjón	Verndarflokkun	Helstu aðgerðir	2021	2022-2023
Eldvörp	Grindavíkurbær	Á Náttúruminjaskrá	Frágangur og afmörkun bílastæðis, áningarstaður, stígar og tröppur.	14.600.000	-
Fossvogsbakkar og friðlandið Grötta	Umhverfisstofnun	Friðlýst sem náttúruvætti og friðland	Öryggisúttekt (Fossvogsbakkar) og merkingar	1.900.000	1.940.000
Kinnargjár á Reykjanesi	Reykjanesbær	Á Náttúruminjaskrá	Endurbætur á göngustígum og innviðum	3.500.000	41.000.000
Útilegumannabæli í landi Húsatófta í Grindavík	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Verndaráætlun	2.000.000	-
Vogur í Höfnum	Minjastofnun Íslands	Friðlýstar/friðaðar fornminjar	Merkingar og skipulagsvinna	1.900.000	2.000.000
Samtals				23.900.000	44.940.000



Mynd 7 Suðvesturland – staðir í áætluninni fyrir árin 2021-2023. Punktar sem sýna nýja staði eru með áhersluhring. Staðir sem voru áður með verkefni eru með grænu lettri.

